

# KJARVAL



**20% afsláttur**

**1494** KR. KG

Godá grískófilettur Karabian



**30% afsláttur**

**1959** KR. KG

Hjúklingabringur Texas



**20% afsláttur**

**1494** KR. KG

Godá grísaðakki piri piri



**20% afsláttur**

**399** KR. PK.

Grillborgarar m/brauði 4stk.



**26% afsláttur**

**895** KR. KG

Godá Toscana grillpýlsur



**20% afsláttur**

Eðalfiskur lax 3 tegundir -Nýtt!



**10% afsláttur**

Ostar 7 tegundir



**299** KR. STK.

Gulrótarkaka og súkkulaðikaka



**399** KR. PK.

Þóa rjóma-súkkulaði 3p



**359** KR. PK.

Honey Nut Cheerios 482g



**399** KR. KG

Sítrónur



**269** KR. KG

Kúrbítur



**299** KR. STK.

Happy Day safar 2litrar


**- Þín tilboð í Kjarval -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

**SMÁAUGLÝSINGAR**



### Nýr Mýrdælingur

Eyrún Eva f. 21. mars 2008, þyngd: 3780 gr. Lengd: 54.5 sm. Foreldrar: Sæunn Elsa Sigurðardóttir og Guðjón Þorsteinn Guðmundsson til heimilis að Krúhólum 2 Reykjavík.

Heiðurskonan, Kristín Friðriksdóttir varð 98 ára 4. maí sl. Hún var lengi húsmóðir á Norður-Hvoli.

Kristín eignaðist 8 börn með manni sínum, Kristjáni Bjarnasyni, fæddur 1903, d. 14. júní 1983.

Alls eru afkomendur hennar 92 í dag, allir á lífi og heilbrigðir.

Börn hennar, ásamt mökum, hafa komið árlega saman á afmælisdegi Kristínar síðan hún varð 95 ára en hún dvelur á Hjallatúni, Dvalarheimili aldraðra í Vík.

Kristín er hress í anda og fer oft út að viðra sig. Hún fagnar vel gestum er að garði bera.

### Til sölu.

Kýr og framleiðsluréttur í mjólk til sölu.

**Upplýsingar í síma 8637343**

VÍSA VIKUNNAR

Þegar mildust mar og sund

maí sólin baðar.

Vekja líf og vetrar blund

vorsins raddir glaðar.

*Höfundur: Björn Pétursson Sléttu,*

*Fljótum. f.1867 - d.1953*

**19. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 7. MAÍ 2008**



## Vinnuskóli sumarið 2008

Unglingar fæddir 1992, 1993, 1994 og 1995 með lögheimili í Mýrdalshreppi, eiga rétt á vinnu í vinnuskólanum í sumar. Unnið verður virka daga frá 8.30-12.00 og 13.00 - 16.30. Unglingar fæddir 1995 vinna 4 tíma á dag.

**Skráning á skrifstofu hreppsins virka daga**

**frá 10.00-12.00 og 13.00-15.00 til 23. maí 2008.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofunni eða í síma 487-1210.**

Sveitarstjóri

## Mýrdælingar og nærsveitamenn athugið

Sigurður Ingi Sveinbjörnsson meindýraeyðir,  
verður í Mýrdalnum eftir hvítasunnu.

Sigurður Ingi úðar fyrir flugum og skordýrum á garða og í húsum úti og inni.

*Peir sem vilja nýta sér þjónustu hans vinsaml. hafið samband í síma 487 1237 eða 892 9682, Finnbogi.*

## Sundlaugarpartí á Systrakaffi laugardagskvöldið 10.maí

Djammað fram á rauðanótt á Kaffinu í tilefni  
opnunar sundlaugarinnar.

Dúndrandi "klórdrykkir" á tilboði fram til miðnættis.



*Sundlaugarvörðurinn mætir með gítarinn  
og heldur fjörinu uppi framundir morgun*

Sjáumst á kaffinu

## Til umhugsunar.....

Gömul kínversk kona átti tvo leirpotta sem hún hengdi á sitthvorn endann á langri stöng sem hún bar á öxlum sínum. Á hverjum degi sótti hún vatn langa leið í uppsprettu fjarri heimilinu. Annar potturinn var sprunginn eftir endilöngu og var því aðeins hálfullur þegar heim kom. Hinn potturinn var fullkominn og skilaði sér alltaf fullur af vatni eftir þessa löngu leið heim að húsinu.

Svona gekk þetta í tvö ár, daglega gekk gamla konan með pottana að uppsprettunni og daglega kom hún heim með aðeins einn og hálfan pott af vatni.

Auðvitað var fullkomni potturinn ánægður með sína frammistöðu en sprungni potturinn skammaðist sín og leið mjög illa þar sem frammistaða hans var aðeins til hálfvís við það sem hann var skapaður til að gera. Eftir tveggja ára vinnu talaði hann til konunnar við uppsprettuna. "Ég skammast mín fyrir frammistöðu mína, vegna sprungunnar á hlið minni lekur helmingurinn af vatninu burt á leiðinni heim. Þú ættir að henda mér og fá þér nýjan pott".

Gamla konan brosti, "Hefur þú tekið eftir að þín hlið við götuna er blómum skreytt á meðan engin blóm vaxa hinum megin götunnar?"

Það er vegna þess að ég hef alltaf vitað af þessum galla þínum og þess vegna sáði ég fræjum á þinni hlið götunnar og á hverjum degi þegar við göngum heim vökvar þú blómin mín. Ég hef um árabíl getað týnt þessi fallegu blóm og skreytt heimili mitt með þeim. Af því að þú ert eins og þú ert þá hef ég fengið að njóta fegurðar blómanna.

## Ýmis hollráð og heilræði!

### Vond lykt úr ísskáp:

Gott er að strjúka innan úr ísskápnum með ediki, einnig má skera sítrónu í tvennt og láta standa inni í ísskápnum eða láta 2-3 tsk. af matarsóða standa í opnu íláti í ísskápnum.

### Frosið nautahakk:

Til að geta gripið í nautahakk úr frystinum með stuttum fyrirvara er gott ráð að setja það í poka, lofttæma hann og binda hnút efst. Fletja svo út hakkið og frysta þannig. Með þessu móti er hakkið einungis um 20 mínútur að þiðna.

### Silfur:

Ef þú ert orðin/n þreytt/ur á að þússa og fægja silfrið þá er snilldarráð að setja álpappír í botninn á eldhúsvaskinum, láta heitt vatn renna yfir og smávegis af matarsóða úti. Loks má dýfa silfrinu ofan í og þú ert laus við þússið í bili!

### Grasgræna í fötum:

Prófaðu að hella nýmjólk á blettinn og svo uppþvottalegi og nudda saman.

### Sjúkskaðir hvítir sokkar:

Gott ráð er að skella þeim í pott með vatni og sítrónusneiðum og sjóða þá. Einnig má nota sápuþvott fyrir uppþvottavélar í vatnið með góðum árangri.

### Enginn tími fyrir öll þessi ráð?

Sprautaðu hreingerningarlegi með frískandi lykt á volga eldavélarhellu. Húsið mun a.m.k. ilma af hreinlæti.



Ferming í Skeiðflatarkirkju 27. apríl 2008. F.v. Guðlaug Lilja Sævarsdóttir Brekkum, Vigdís Eva Steinþórsdóttir Ási, Ástþór Hermannsson Hvolsvelli, Sólon Helgi Jóhannsson Eyjarhólum, og sr. Haraldur M. Kristjánsson.

*Mynd: Halldóra Gylfadóttir.*

*Orðsending til foreldra/forráðamanna fermingarbarna í Skaftárhreppi vorið 2008, vinsaml. látið Vitunum í té myndir ásamt nöfnum fermingarbarnanna.*



Á 38. sambandsþingi USVS (Ungmennasamband Vestur-Skaftfellinga) þann 29. mars s.l. var valinn íþróttamaður ársins 2007 og efnilegasti íþróttamaður ársins 2007.

Að þessu sinni voru tilnefnd í íþróttamann ársins þau: Arnar Snær Ágústsson umf Drangi, Elvar Orri Jóhannsson frá umf Dyrhólaey og Harpa Ósk Jóhannesdóttir umf Skafta.

Elvar Orri Jóhannsson hlaut titilinn íþróttamaður ársins og er vel að titlinum kominn.

Í efnilegasta íþróttamanninn voru tilnefnd þau: Ármann Daði Gríslason frá umf Skafta, Björk Smáradóttir frá umf Drangi og Magdalena Katrín Sveinsdóttir frá umf Drangi. Það var svo Björk Smáradóttir sem hampaði titlinum efnilegasti íþróttamaðurinn.


**Tekið af vef Umf. Kötlu (Drangs og Dyrhólaeyjar)**

*Vitinn óskar unga fólkinu hjartanlega til hamingju með glæsilegan feril.*

# Opnunarhátíð á Kirkjubæjarklaustri

Síðasti áfangi íþróttamiðstöðvar,  
ásamt sundlaug, verður tekinn  
formlega í notkun við hátíðlega  
athöfn hjá sundlauginni  
**laugardaginn 10. maí nk.**  
**kl 13:00.**

**Allir velkomnir!**



**Byggingarnefnd íþróttamannvirkja,  
Sveitarstjórn Skaftárhrepps.**

IH  
ICELANDAIRHOTELS  
KLAUSTUR

**JAKKA, FRAKKA OG HÚFUMARKAÐUR.**

Nei kannski ekki alveg - en ....

Kæru íbúar á Stór - Kirkjubæjarsvæðinu !!!

Í þeim vorhreingerningum sem fram hafa farið hér á telinu nú undanfarið - þá hefur komið í ljós að sitthvað er um óskilamuni hér um slóðir - sem aðallega halda sig þó til í og við fatahengið sem er í nágrenni tolettanna - þið vitið.

Hér er til að mynda um að ræða nokkrar forkunnarflottar karlmannsyrfirhafnir sem skildar hafa verið eftir í ógáti - og þar sem ekki nokkur lifandi maður ber kennsl á þessar flíkur - eða hefur vitjað þeirra - þá sé ég mér þann kost einn vænstan að auglýsa nú all rækilega eftir eigendunum .

Þetta eru eins og áður sagði assgoti smartar flíkur s.s tveir karlmannsfrakkar - annar svona tiltölulega framsóknarfölgrænn að lit - og ber merkið ATLANT- medium að stærð og styrkleika - hinn er brúnleitur og ber heitið -STONBRIDGE -stærð hans er dulítið óráðin - en passar mér ágætlega og fyrir þá sem ekki vita þá er ég nú svona meðalmaður á hæð og breidd.

Annar þessara frakka var skilinn eftir - eftir þorrablót sem haldið var hér á telinu þann 23. febrúar anno 2008 og akkúrat það sama kvöld fór Valur í Úthlíð frakkalaus heim - því að sá sem skildi eftir umræddan frakka hér hefur að öllum líkindum farið heim í yfirhöfn Vals. Til að gera langa sögu stutta þá er Valur nú orðinn frekar pirraður á því að heimta ekki frakkann sinn - og það sem verra er að í honum mun víst leynast Visakortið hans - segi og skrifa Visakortið hans - sem hann getur ekki verið án öllu lengur. Bið ég nú alla þá sem lesa þessa auglýsingu að hafa augun opin ef þeir skyldu sjá einhvern nággranna sinn spranga um í frakkanum hans Vals - og benda þeim hinum sama á að annað hvort gera vart við sig á hótelið og hafa skipti á yfirhöfnum eða hringja í snarhasti til Vals og leysa þar með úr þessari flækju,

Hvenær hin frakkinn tók sér bólfestu hér í fatahenginu hefi ég ekki hugmynd um - hvað þá heldur að ég viti hvenær húfurnar þar fóru að fjölga sér.

En - ef eitthvað er óljóst - sláið þá endilega á þráðinn.

Með kærri kveðju.  
Kalli - hótelhaldari á Klaustri.



**Prestsbakkakirkja**

*Hátíðarguðsþjónusta á hvíta-  
sunnudag 11. maí kl. 14.00*

Kirkjukór Prestsbakkakirkju leiðir söng.

Organisti: Brian Roger Haroldsson

Sóknarprestur

Ástarfaðir himinhæða,  
heyr þú barna þinna kvak,  
enn í dag og alla daga  
í þinn náðarfaðm mig tak.

Náð þín sólin er mér eina,  
orð þín döggin himni frá,  
er mig hressir, elur, nærir,  
eins og foldarblómin smá.

Einn þú hefur allt í höndum,  
öll þér kunn er þörfin mín,  
ó, svo veit í alnægð þinni  
einnig mér af ljósi þín.

Anda þinn lát æ mér stjórna,  
auðsveipan gjör huga minn,  
og á þinnar elsku vegum  
inn mig leið í himin þinn.

*Þýskur höf. ók. / Steingrímur Thorsteinsson J.F. Reichardt*

**Aðalsafnaðarfundur  
Víkursóknar 2008**

Aðalsafnaðarfundur Víkursóknar  
árið 2008 verður haldinn í  
Víkirkirkju, þriðjudaginn 13.  
maí nk. kl. 20:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Önnur mál.

Sóknarnefnd



**Víkirkirkja í Mýrdal**

*Guðsþjónusta verður í  
Víkirkirkju í Mýrdal, nk.  
hvítasunnudag 11. maí 2008  
kl. 14:00.*

Samkór Mýrdælinga syngur.  
Organisti og stjórnandi  
er Kitty Kovács.

Fjölmennum.  
Sóknarprestur